



Fréttabréf Brekkuskóla

30. mars 2011
5. tbl. skólaárið 2010 - 2011
Ábyrgðarmaður Stella Gústafsdóttir

Leiðsagnarmat í Mentor

Af hverju: Leiðsagnarmat gefur aukna möguleika á samstarfi nemenda, foreldra og skóla við markmiðssetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Þátttaka nemandans felur í sér að íhuga, meta og skrá eigin árangur og líðan.

Leiðbeiningar fyrir foreldra og nemendur

Matið fer fram á svæði foreldra eða nemenda á Mentor.is. Foreldrar geta nálgast lykilorð barna sinna á fremsta flipa nemendaspjaldsins þegar þeir hafa skráð sig inn í kerfið.

Hvernig finna foreldrar lykilorð barnanna sinna?

1. Foreldrar skrá sig inn á Mentor.is með kennitölunni sinni og lykilorði. Þeir sem ekki hafa lykilorð geta farið á www.mentor.is og smellt á *Gleymt lykilorð*.
2. Smellt er á á flipann *Almennar upplýsingar* á nemendaspjaldinu. Hægra megin á spjaldinu sést þá lykilorð nemandans.

Ef foreldrar hafa ekki lykilorð að Mentor geta þeir farið inn á www.mentor.is og smellt á *Gleymt lykilorð*.

Hvernig fer matið fram?

1. Nemandinn (sjálfur eða með aðstoð foreldra) skráir sig inn í kerfið með kennitölunni sinni og lykilorði.
2. Smellt er á *Leiðsagnarmat* vinstra megin á skjánum.
3. Til að skrá á matsblaðið er smellt á merkið .
4. Í fyrsta hluta matsblaðsins er námsframmistaða metin út frá nokkrum þáttum með mismunandi matstáknum. Smellt er einu sinni í reit til að fá fyrsta táknið, aftur til að fá það næsta og svo koll af kolli. Misjafnt er milli árganga hvaða matstákn eru notuð. Nánari útskýringar eru settar í samfelldu máli í reitinn fyrir aftan matstáknin.

Munið að smella á **vista** eða **uppfæra** með reglulegu millibili til þess að vista það sem þið hafið skráð.

FRH á næstu síðu...

Framundan...

1. apríl
Þemadagur hjá 1. –10. bekk.

7. apríl
Síðasti dagur fyrir nemendur og foreldra að skrá í leiðsagnarmatið

8. apríl
Morgunmóttaka hjá 6. bekk
Óformleg móttaka foreldra kl.8:00.
Morgunkaffi í matsal og opnar kennslustofur.

15. apríl
Morgunmóttaka hjá 7. bekk
Óformleg móttaka foreldra kl.8:00.
Morgunkaffi í matsal og opnar kennslustofur.

18. apríl
Páskafrí hefst

26. apríl
Starfsdagur
Frístund opin eftir hádegi

29. apríl
Morgunmóttaka hjá 8.-10. bekk
Óformleg móttaka foreldra kl.8:00.
Morgunkaffi í matsal og opnar kennslustofur.

Brekkuskóli

v/Skólástíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskolii.is
brekkuskoli@akureyri.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Námsframmistaða	Skilningur	Afhugi	Vinnusæmi
Myndmennt	Nemandi		
Tónmennt	Nemandi		
Íþróttir	Nemandi		
Stærðfræði	Nemandi		
Enska	Nemandi		
Íslenska	Nemandi		

☒ Til fyrirmyndar
 ☐ Góð framvinna
 ☒ Þarf að taka sig á
 ☒ Þarfnast verulegra úrbóta

Textasvæði ætlað til frekari útskýringa

Smellið í reitina með músinni til að skrá inn tákni. Við einn smell kemur fyrsta tákni, við annan það næsta og þannig koll af kolli.

5. Spurningum eða fullyrðingum er svarað í samfelldu máli í næsta hluta með því að skrá í textareiti.

Smellið í svarreitinn, þá birtist bendillinn og þið getið skráð svarið.

6. Ath! Munið að smella á *Skrá* efst eða neðst á skjánum þegar mati er lokið eða **helst eftir hvern hluta fyrir sig** til að vista skráninguna.

Hversu lengi er matið opið og hvað gerist eftir að því er lokað?

Dagsetningar við Leiðsagnarmat sýna hversu lengi matið er opið til skráningar. Eftir að skráningu er lokið getur kennari birt sitt mat á sömu þáttum á svæði nemandans. Til að nálgast mat kennara smella nemendur og foreldrar á merkið  við Leiðsagnarmatið. Þá sjá þau bæði mat nemandans og kennarans á einu yfirlitsblaði og geta nýtt sér það til undirbúnings fyrir t.d. foreldraviðtal.

Matið verður opnað nemendum og foreldrum 7. apríl.

Gangi ykkur vel, stjórnendur



A hand-drawn mind map on yellow paper with 'Venus' at the center. The branches include:



- Umwelt** (Environment):
 - Temperatur (Temperature): 462°C
 - Luftdruck (Air pressure): 93 bar
- Wasser** (Water):
 - kein Wasser (no water)
- Atmosphäre** (Atmosphere):
 - CO₂ (Carbon dioxide)
 - Wolken (Clouds): Schwefelsäure (Sulfuric acid)
- Geographie** (Geography):
 - höchster Berg (highest mountain): Maxwell
 - tieferste Senke (deepest depression): Atlatl
- Wirtschaft** (Economy):
 - Währung (Currency): 243 Venusianer Dollar
 - Währung (Currency): 222 Venusianer Dollar
 - Währung (Currency): 222 Venusianer Dollar
- Wetter** (Weather):
 - Wetter (Weather): heit (clear)
- Wasser** (Water):
 - Wasser (Water): kein Wasser (no water)
- Wasser** (Water):
 - Wasser (Water): kein Wasser (no water)

Merkiárius er sú reikisjarna
sem er næst sólini. Merkiárius
er næstminsta reikisjarnan.
Hann lifur líkt og ykkur
þegar þú standið við brennu:
heitt í framan og kalt á
bassinum! Merkiárius er
afsettur gegnum þar eru
líka blattabolti og fern
þraun. Merkiárius sýst um
sjálfan á 59 dögum og
Sólin á 88 dögum.

in Gabriel Mikael

#Það er best:) Mjög skemmtilegt, hægt að detta inni í einhverja sögu...geta lesið og tekið því rólega.

Orð af orði frh...



Bolludagurinn hjá 1. bekk.



Stóra upplestrarkeppnin var haldin þann 23. mars í Kvosinni í MA. Fyrir hönd Brekkuskóla kepptu Rán og Tumi. Þau stóð sig mjög vel þó þau hafi ekki komst í úrslitasæti og voru skólanum til sóma. Nokkrir nemendur úr 7. bekk spiluðu á hljóðfæri á hátíðinni.



FJALLAFERÐIN

Mikið var um dýrðir í fjallaferð Brekkuskóla þann 16. mars. Veður var einstaklega blítt, logn og fór hlýnandi eftir því sem leið á daginn. Allavega fóru menn heim þegar hitastigið á mælinum var komið í +3 °C.

Börnin drifu sig í brekkurnar og helstu hindranir voru þegar menn þurftu að fá lánaðan útbúnað og svo biðin við skíðalyfturnar. Að öðru leyti var ekki vandræðagangur hjá nemendum. Nokkrir reyndu “ævintýraleiðina” og reyndist hún nokkuð illskeyttari en það því harðfennið og undirlagið varð sumum óviðráðanlegt og því mildi að enginn braut sig en það stappaði nærri.

Það sem hinsvegar stendur uppúr er hve dagurinn heppnaðist vel miðað við rysjótt veður dagana áður og svo líka gleðin sem sveif yfir brekkunum í fögrum fjallasal.

Snorri Óskarsson



NÁMSFERÐ STARFSMANNA BREKKUSKÓLA Í SKAGAFJÖRÐ

Föstudaginn 25. febrúar var starfsdagur í Brekkuskóla. Þá var tíminn nýttur til skólaheimsóknar í Árskóla á Sauðárkróki. Ferðin var hin ánægjulegasta og fróðlegt að kynnst öðrum kennarahópum. Tilgangurinn var að sjá og heyra hvernig Árskóli nýtir sér skoskt matstæki “Gæðagreinar” sem mælir árangur skólans hjá nemendum sem og kennurum. Það er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu **How Good Is Our School** sem ber heitið **Gæðagreinar** í íslenskri þýðingu. Árskóli nýtir Gæðagreina í sjálfsmatsvinnu og er almenn ánægja með Gæðagreina sem matstæki. Í Brekkuskóla er stefnt að því að nýta Gæðagreina við sjálfsmat skólans. Venjan er að árangurinn sé mældur í einkunnum sem og vinnusemi nemenda. En þarna voru ekki síður skoðaðir starfshættir í skólastofum, sameiginlegir þættir í skólasamfélaginu sem og árangur í framsetningu námsefnis. Tekið var fram að þessir starfshættir hafi skilað sér í góðri heildarsýn yfir skólastarfið sem kennarar, nemendur og heimili eiga auðvelt með að tileinka sér.

Snorri Óskarsson



Gagnvirkt stærðfræðinámsefni á Moodle

María Aðalsteinsdóttir – Oddeyrarskóla

Sigríður Kristín Bjarnadóttir - Brekkuskóla

Markmið

Að þróa nám og kennslu í stærðfræði í 8. -10. bekk í gagnvirku umhverfi, með því:

Að efla nýbreytni í kennsluháttum

Að efla upplýsingatækni í skólastarfi

Að nemendur þjálfist í að nota gagnvirkar æfingar í námi sínu

Að nemendur fá stöðuga upprifjun og þjálfun í áður lærðu námsefni

Að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir í stærðfræðinámi

Að auka ábyrgð og sjálfstæði nemenda á eigin námi

Að auka samvinnu heimila og skóla í stærðfræðinámi nemenda

Að auka samstarf kennara milli skóla



Skólaárið 2009-2010

Við byrjuðum báðar að nota verkefnin í tilraunaskyni, gagnvirkt námsefni á Moodle skólaárið 2009-2010. Í ágústlok stilltum við opunar- og lokunartíma á heimadæmunum 30 fyrir allt skólaárið. Dæmin opnast á föstudagsmorgnum og lokast klukkan 22:00 á fimmtudagskvöldum. Nemendur hafa alltaf tvær atrennur að verkefnunum og gildir betri árangurinn. Í upphafi fá allir nemendur aðgangs- og lykilorð. Aðgangsorðin byrja öll á ganem og er hugsunin sú að ga, merki Grunnskólar Akureyrar.

Lang flestir nemendur nota báðar atrennur en það er áhyggjuefni hvað margir nemendur vinna dæmin seint. Gott væri ef nemendur byrjuðu að vinna verkefnin fyrir í vikunni til að hafa betra tækifæri til að leita sér upplýsinga hjá kennara og til að skoða sambærileg dæmi.

Skólaárið 2010-2011

Árið 2010 var mest vinna lögð í að endurskoða heimadæmin og bæta í þau reiknuðum dæmum. Reiknuð dæmi eru þannig að dæmi eru sett upp á þann hátt að allir nemendur í sama bekk fá sömu dæmi með mismunandi tölum. Þannig er ganem801 e.t.v. að þátta töluna 125 meðan ganem802 þáttar töluna 220. Með þessu móti þarf hver nemandi að reikna sitt dæmi. Við sáum strax kostina við slík dæmi, þar sem nemandi sem aðstoðar annan þarf að útskýra hvernig á að reikna dæmið, þar sem þeir hafa ekki sömu tölur. Höfum við oft orðið varar við að sú umræða skapar mörg tækifæri til náms. Þar sem nemendur bera saman bækur sínar og þurfa að útskýra hverjir fyrir öðrum hvernig á að leysa dæmin.

Verkefnið er nú notað í 8., 9. og 10. bekk í Oddeyrarskóla og í 9. og 10. bekk í Brekkuskóla. Í 10. bekk nota 58 nemendur heimadæmin á netinu samtals í báðum skólunum, 68 nemendur í 9. bekk og 24 í 8. bekk. Þrír kennarar, tveir í Oddeyrarskóla og einn í Brekkuskóla, sem eru að vinna með okkur fengu aðgang sem kennarar í kerfið og geta skoðað framvindu nemenda, öll dæmi og árangur.

Smátt og smátt höfum við lært betur á kerfið og nýtt það betur s.s. til að vinna með hópa og skoða árangur og atrennur hvers og eins.

Til að nota kerfið betur og víkka út ákváðum við að bæta við upplýsingum fyrir nemendur sem geta nýst þeim við stærðfræðinám almennt, auk þess sem það styður við heimadæmin. Fremst á þeirri síðu sem opnast fyrir nemendum höfum við sett inn töluvert magn af upplýsingum sem eru aðgengilegar fyrir nemendur. Þar má nefna formúlublöð, reglubækur, tengla á slóðir sem fjalla um stærðfræði, efni frá Námsgagnastofnun og stærðfræðiskýringar sem við keyptum og fengum leyfi til að nota frá Brynjari Ólafssyni. Með því að nota þær upplýsingar sem þarna er hægt að nálgast geta nemendur stutt við nám sitt á margvíslegan hátt, bæði við kennslustundir og til upprifjunar. Við höfum verið dugleg að vísa foreldrum á þessar leiðbeiningar og vonumst til að þær verði öllum til gagns.

Sýnishorn af því sem nemendur í 10. bekk sjá þegar þeir koma inn á sína síðu í Gagnvirkir námsefni á Moodle:

#Hér fyrir neðan eru gagnlegar slóðir sem nemendur og foreldrar geta skoðað, unnið eða prentað út.


#Á síðunum er að finna töluvert magn af upplýsingum sem geta nýst nemendum þegar þeir eru að vinna heimadæmin í Moodle og almennt við stærðfræðinám.

#Við viljum vekja athygli á stærðfræðiútskýringum sem passa við stærðfræðibækurnar Átta-10. Þar koma fram útskýringar við hvern kafla í bókunum, bæði reglur og dæmi. Skýringar geta hjálpað nemendum á ýmsan hátt t.d. til að skoða fyrir eða eftir kennslustundir, við heimanám og til upprifjunar fyrir próf.

#Hér er líka hægt að finna reglubók og ýmsar formúlur sem gleymast stundum s.s. flatarmál hrings, rúmmál sívalnings o.s.frv.

#Við hvetjum ykkur til að vera dugleg að skoða síðurnar og finna hvernig leysa á hin ýmsu dæmi. Sú leit er hluti af náminu og eflir nemendur til sjálfstæðra vinnubragða.

- ☐  Stærðfræðiskýringar 8-10 hefti 5
- ☐  Stærðfræðiskýringar 8-10 hefti 6
- ☐  Hugtök í stærðfræði
- ☐  Formúlur/reglur í stærðfræði
- ☐  Stærðfræði og listir
- ☐  Námsvefir
- ☐  Vefefni - gagnvirk forrit
- ☐  Ítarefni í stærðfræði



Við höfum reynt að leggja mat á þetta verkefni. Í janúar og febrúar 2011 var hluti nemenda, foreldra og þeir kennarar sem vinna að þessu verkefni með okkur beðnir um að leggja mat á verkefnið, segja frá helstu kostum og göllum þess.

Þegar öll svör eru metin þá er greinilegt að flestir telja að heimadæmin á Moodle séu gagnleg nemendum. Kennararnir eru greinilega mjög jákvæðir og flestir nemendur. Kennararnir eru ánægðir með þá festu sem fylgja heimadæmunum, ákveðið skipulag og það tækifæri sem nemendur hafa til að gera aðra atrennu.

Það kemur fram hjá foreldrum að dæmin eru rædd á heimilunum og þykir okkur það gott. Umræður milli foreldra og barna skila sér í námi nemenda. Foreldrar bentu á að gott væri að hafa leiðbeiningar tiltækar og höfum við brugðist við því með að setja inn skýringar og formúlublöð svo eitthvað sé nefnt.

Yfir heildina teljum við að matið sé jákvætt og munum halda áfram að þróa verkefnið, nemendum og kennurum til hagsbóta.



Sigríður Kristín Bjarnadóttir

Sjáumst í Brekkuskóla!

